

Viðauki 4.

Nokkrir áfangar sem til eru í framhaldsskólum og hafa verið eða eru kenndir og tengjast efni sem líklegt er að verði hluti af sérnámi í flutningagreinum. Notast er við stuttar áfangalýsingar sem birtar eru á vef VMA.

Öryggisfræði ÖRF 101 Ýmsar iðngreinar

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er farið yfir vinnuverndarmál almennt út frá íslensku vinnuumhverfi. Fjallað er um skipulag vinnuverndar, hollustuhætti, vísun í lög og reglugerðir, meðferð hættulegra efna, vinnustellinga (hreyfifræði), atvinnusjúkdóma, eldvarnir og helstu orsakir vinnuslysa.

Markmið:

Að áfanga loknum skulu nemendur vera betur meðvitaðir um skipulag og tilgang nútíma vinnuverndar.

Þeim skal vera ljóst hlutverk hins almenna þáttakanda á vinnumarkaði í þróun eigin vinnuumhverfis. Einnig að vera tilbúnir hvernig fyrstu viðbrögð eiga að vera ef nemandi kemur að slysi.

Námsgögn Bók Gæfusmiðurinn: Höf. Helgi Haraldsson

Öryggisfræði ÖRS 101 Matvælanám. Sami áfangi og ÖRF101

Áfangalýsing: Í þessum áfanga er farið yfir vinnuverndarmál almennt út frá umhverfi matvælasviðs. Fjallað er um skipulag vinnuverndar, hollustuhætti, vísun í lög og reglugerðir, meðferð hættulegra efna, vinnustellingar (hreyfifræði), atvinnusjúkdóma, eldvarnir og helstu orsakir vinnuslysa. Einnig verður farið í skyndihjálptengd vinnuslysum.

Markmið:

Að áfanganum loknum skulu nemendur vera betur meðvitaðir um skipulag og tilgang nútíma vinnuverndar. Þeim skal vera ljóst hlutverk hins almenna þáttakanda á vinnumarkaði í þróun eigin vinnuumhverfis.

Einnig að vera tilbúnir hvernig fyrstu viðbrögð eiga að vera ef nemandi kemur að slysi.

Námsgögn Bók Gæfusmiðurinn: Höf. Helgi Haraldsson.

SKY1012 – Skyndihjálptengd - á mörgum brautum.

Áfangalýsing:

Fjallað er um aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat. Endurlífing, bóklegr og verkleg. Farið er í blæðingar, lost og viðbrögð við lostástandi. Teknar eru fyrir nokkrar tegundir sára, umbúðir og sárabindi. Farið er í helstu orsakir bruna, flokkun brunasára og skyndihjálptengd við bruna.

Höfuð, háls og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst kvið og mjaðmaáverkum. Einnig er farið í beina liðamóta og vöðvaáverka. Kennt er að spelka útlími með áverka. Farið er í bráða sjúkdóma, eitranir, bit og stungur. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu og háska af völdum hita. Farið er í björgun og flutning einstaklinga af slyssa.

Markmið:

Að nemandi öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að geta hjálpað slösuðum og/eða bráðveikum einstaklingum þar til hjálptengd fagfólks tekur við.

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- þekkja þá hugmyndafræði sem skyndihjálptengd byggir á
- þekkja og geta framkvæmt mat og skoðun á slösuðum einstaklingum geta brugðist rétt við dauðadái
- þekkja og geta beitt hjartahnoði þegar það á við
- þekkja og geta beitt blástursmeðferð þegar hún á við
- þekkja og geta metið helstu tegundir sára
- þekkja aðferðir til að meta brunasár og kunna að bregðast við bruna

- þekkja helstu höfuð, háls, og hryggáverka og geta veitt skyndihjálp við slíkum áverkum
- þekkja helstu brjóst, kvið, og mjaðmaáverka og geta brugðist við þeim
- þekkja helstu beina, liðamóta, og vöðvaáverka og geta veitt skyndihjálp við slíkum áverkum kunna að spelka brot/tognanir geta veitt skyndihjálp við bráðum sjúkdómum
- þekkja helstu forvarnir við kali, ofkælingu og ofhitnun og geta veitt viðeigandi skyndihjálp við slíkum áverkum.

Námsgögn: Skyndihjálp og endurlífgun : Þú getur hjálpað þegar á reynir /Reykjavík: Rauði kross Íslands, 2012.

Líkamsbeiting LÍB 101 sjúkraliðanám

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um áhrif vinnuumhverfis á starfsmanninn svo sem hvernig stærð og skipulag vinnurýmis, rúm, stólar, borð og hjálpartæki hafa áhrif á vinnuaðstöðu og vinnuhreyfingar. Rætt er um grundvallaratriði góðrar vinnutækni sem gerir einstaklingnum kleift að átta sig á hvort vinnuaðferðir hans séu hættulegar með tilliti til álags á líkamann. Rætt er um vinnuumhverfi á sjúkradeild, andlegt og líkamlegt álag við umönnunarstörf, andleg og líkamleg áhrif vaktavinnu, kulnun í starfi, streitustjórn og slökun. Fjallað um áhrif vinnuandans á líðan einstaklinga í vinnuhópnum. Kynnt verða ýmis hjálpartæki sem geta dregið úr líkamlegu álagi við vinnu og hættu á álagsmeinum. Í verklegum hluta eru ýmis hjálpartæki kynnt og áhersla lögð á rétta líkamsbeitingu og vinnutækni.

Áfanginn er kenndur sem námskeið með skyldumætingu, 3x4 kennslustundir + 2 heimsóknir (2x2kennslustundir) á sjúkradeild þar sem aðstæður og hjálpartæki eru skoðuð.

Meginmarkmið

Að nemandi þekki hina ýmsu þætti í vinnuumhverfinu sem hafa áhrif á líkamlega og andlega líðan.

Að nemandi þekki leiðir til að draga úr líkamlegu og andlegu álagi við vinnu.

Að nemandi fái þjálfun í réttri líkamsbeitingu og vinnutækni við ólíkar aðstæður og mismunandi störf.

Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að

- þekkja mikilvægi réttrar líkamsbeitingar
- þekkja afleiðingar rangrar líkamsbeitingar og vinnutækni
- þekkja einkenni of mikils líkamlegs og andlegs álags
- geta hagnýtt sér aðferðir og leiðir í forvörnum
- þekkja þætti í vinnuumhverfinu sem hafa óæskileg áhrif á heilsu og líðan og þekkja leiðir til að verjast þeim
- þekkja leiðir til að efla heilsu og vellíðan
- búa yfir færni í réttri líkamsbeitingu og vinnutækni

Námsgögn: Rétt líkamsbeiting – betri líðan (Fræðslu- og leiðbeiningarit Vinnueftirlits ríkisins 10) Vinnutækni við umönnun eftir Ágústu Guðmarsdóttur o.fl. (1995).

Áætlun og gæðastjórnun ÁGS102 byggingadeild.

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur helstu aðferðir gæðastjórnunar og að nýta sér tölvur við útreikninga. Farið er í gerð verkáætlanaforrits til að hafa yfirsýn yfir kostnaðarþætti verkefna, verkefnastjórnun, gerð tímaáætlana, endurskoðun áætlana, m.a. Kennd er notkun helstu eyðublaða og farið í gegnum stjórnunar og verkferla gæðatryggingar við verklegar framkvæmdir. Farið er í gegnum grunnatriði töflureiknis (exel) eins og summa, meðaltöl, formúlugerð og tengingu milli skjala. Fjallað er um áætlanagerð eins og sundurliðun verkefna, Gantt rit, CPM - aðferðina, örva og kassarit. Áfanginn er sniðinn að þörfum bygginga- og mannvirkjagreina og fer kennslan fram með fyrirlestur og raunhæfum verkefnum. Verðskrá húsasmiða verður kynnt og farið í helstu stjórnunar- og verkferla gæðatryggingar við verklegar framkvæmdir.

Markmið:

- Kunna skil á greiningu kostnaðar og gerð kostnaðaráætlana.
- Þekki til áætlanagerðar og geti notað verkáætlanaförrið við gerð tímaáætlana.
- Þekki helstu aðferðir gæðastjórnunar og kunni skil á umbótastarfi.
- Geti magntekið og kostnaðarreiknað einfalda verkþætti.
- Þekki verðskrá húsasmiða.

Námsgögn: Ljósrit frá kennara. Kynning á gæðastjórnun, höf: Gísla Bachman og fl. Útg: IÐNÚ

Matartæknánám (lotunám) GÆÐ 101

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um stefnumótun, markmiðssetningu, gæðastjórnun og áætlanagerð fyrirtækja. Einnig er fjallað um uppbyggingu fyrirtækja, boðmiðlun og skipurit og mismunandi stjórnunaraðferðir. Fjallað er um hugtökin þjónustusamskipti og mikilvægi þeirra í nútímasamfélagi.

Kennslufyrirkomulag: Námskeið, og verkefni metið.

Kennari hittir nemendur einu sinni, ræðir við þau um fyrirkomulagið, afhendir námsgögn og tekur síðan við unnum verkefnum og metur. Skiladagur ákveðinn.

Námsmarkmið: GÆÐ 101

- Að nemandinn læri að annast og skipuleggja stjórnun á vinnusvæði.
- Að nemandinn hafi þekkingu til að koma á virku Innra eftirliti í matvælafyrirtæki.
- Að nemandinn þekki mismunandi gæðafaerla og gæðastaðla í Innra eftirlitskerfi
- Að nemandinn læri að vinna eftir og tileinka sér vinnulag sem tryggir rekjanleika vöru.

Námsgögn: Bækur-námsefni Ljósritað efni úr Hráefnis-og aðferðarfræði eftir Ragnar Wessman, bls. 5-24.

Ljósrit/glærur Úr vöru og neytendafræði eftir Bryndísi Steinþórsdóttur.

Gæðavitund – GÆV101 Vélstjórnarnám.

Áfangalýsing: Saga og grundvallarhugtök gæðastjórnunar, gæðakerfi, altæk gæðastjórnun, gæðahandbók. Rætt um það hvaða áhrif gæðakerfi hefur á starfsumhverfi manna. Fjallað um það hvaða skilyrði þurfa að vera til að hægt sé að taka upp gæðastjórnun og umbótaferli í fyrirtækjum. Rætt um það hversvegna sækjast fyrirtæki eftir vottun. Rætt um staðla, hjálpar og greiningatæki.

Markmið:

- þekki grundvallarhugtök gæðastjórnunar og gæðavottunar
- þekki markmið og uppbyggingu gæðakerfa og gæðahandbóka
- þekki gildi viðskiptamannsins fyrir fyrirtækið
- þekki verklag við gæðavottun fyrirtækja

Námsgögn: Ljósrit frá kennara sem afhent verða í hverri kennslustund.